



Bæjarstjórn Vesturbyggðar
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Reykjavík 25. nóvember 2019
Tilvísun: 201911-0151

Efni: Brunavarnaáætlun Vesturbyggðar

Mannvirkjastofnun hefur farið yfir drög af brunavarnaáætlun Vesturbyggðar og sendi í framhaldi tölvupóst á slökkviliðsstjóra þann 29.01.2019. Í tölvupóstinum kom fram það helsta sem Mannvirkjastofnun telur útistandandi til þess að áætlunin fái samþykkt og uppfylli lög um brunavarnir nr. 75/2000, reglugerð nr. 723/2019 um eldvarnir og eldvarnareftirlit og reglugerð nr. 747/2018 um starfsemi slökkvilið. Mannvirkjastofnun minnir á mikilvægi þess að sveitarfélög hafi brunavarnaáætlun í gildi í samræmi við framangreind lög og reglugerðir. Þau atriði sem send voru á slökkviliðsstjóra, og stofnunin óskar eftir að fá svör við, eru eftirfarandi:

- Mannvirkjastofnun óskar eftir rökstuðningi fyrir því að eldvarnareftirliti sé sinnt eins og kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Í drögum að brunavarnaáætlun kemur fram að slökkviliðsstjóri sinni eldvarnareftirliti í 20% starfi á svæðinu. Í brunavarnaáætluninni eru taldar upp 63 byggingar sem á að skoða einu sinni á ári og 36 fjórða hvert ár. Óljóst er því hvernig á að uppfylla skoðunarskyldu.
- Mannvirkjastofnun óskar eftir rökstuðningi fyrir því hvernig ákvæði varðandi stjórnendavakt sem koma fram í 7. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða eru uppfyllt: „Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum sem uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til slökkviliðsstjóra“. Í drögum að brunavarnaáætlun kemur fram að slökkviliðsstjóri er ráðinn í 50% starf og því óljóst hvernig þetta ákvæði er uppfyllt.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar


Davíð S. Snorrason